

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 22
Reykjavík
Bt. Guðmundar B. Ingvarssonar

Reykjavík 11.03.2011

Efni: athugasemdir við starfsleyfistillögur Umhverfisstofnunar

Vísað er til starfsleyfistillögu Umhverfisstofnunar fyrir starfsemi Íslenska gámafélagsins ehf. að Helliglandi í sveitarfélaginu Árborg. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við starfsleyfisdrög umhverfisstofnunar:

Blátt letur er texti sem tekinn er beint úr starfsleyfisdrögum UST.

2.8 Jarðgerð

Ef ekki reynist unnt að hefja jarðgerð úr lífrænum úrgangi, sem getur gefið frá sér lykt, sama dag og hann berst skal hann fluttur til viðurkenndrar móttökustöðvar til meðhöndlunar, en ekki geymdur á athafnasvæði rekstraraðila.

Óskað er eftir rýmri tíma til vinnslu á lífrænum úrgangi eða haganlegri framsetningu tímamarka og þá einungis um úrgang sem gefur frá sér mikla lykt. ÍGF leggur til að orða greinina á eftirfarandi hátt:

Ef ekki reynist unnt að hefja jarðgerð úr lífrænum úrgangi, sem getur gefið frá sér sterka lykt, 36 klukkustundum eftir að hann berst skal hann fluttur til viðurkenndrar móttökustöðvar til meðhöndlunar, en ekki geymdur á athafnasvæði rekstraraðila.

Eins og málsgreining lítur út í drögunum væri ekki leyfilegt að geyma úrgangs til morguns sem kæmi á stöðina seinnipart dags eða undir kvöld, heldur þyrfti að finna aðra leið fyrir úrganginn. Slíkt getur valdið veruleg óhagræði í rekstri stöðvarinnar og auknum kostnaði við sorphirðu og söfnun.

3.4 Jarðgerð

Eftirmeðferð moltu skal fara fram á bundnu yfirborðslagi og skal safna öllu vatni sem rennur af moltunni í fráveitukerfi. Fráveituvatn frá jarðgerðarvél og eftirmeðferð moltu skal leiða í setþró áður en það er leitt í jarðveg um siturlögn. Reynist fráveituvatnið ekki uppfylla skilyrði sem koma fram í gr. 5.3 skal hreinsa það frekar áður en það er leitt í jarðveg.

Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr setþró.

Afgas frá jarðgerðarvél skal hreinsa, t.d. með lífsíu eða ósoni, áður en því er hleypt út.

Til að draga úr kostnaði við moltugerðina er lagt til að hrámoltan verði sett á malarlag til þroskunar en ekki steipt undirlag eins og mælt er fyrir um í starfsleyfisdrögunum. Undir malarlaginu má koma fyrir þéttum dúk sem sigvatnið frá moltunni læki eftir í brunn þar sem hægt yrði að taka sýni úr.

Ósons og lífsúr eru væntanlega ætlaðar til að eyða lykt frá vélinni þannig að fólk í nágrenninu verði ekki fyrir óþægindum af hennar völdum. Eins og staðan er í dag er ekki talin þörf á að hreinsa loft frá jarðgerðarvél vegna lyktarmengunar. Enga lykt leggur frá vélinni á meðan vinnsla stendur. Nokkur lykt er þegar vélin er opnuð til mótunar og þegar verið er að bæta stoðefnum í. Reikna má með að vélin sé opnuð einu sinni á dag. Við það að opna vélin sleppur allt loft út og getur fundist lykt í næsta nágrenni við vélin. Leiða má líkum að því að hreinsibúnaður sem eyddi lykt úr frálofti vélarinnar hefði lítil sem engin áhrif á minnkun á þessari lykt þar sem um er að ræða loft inni í vélinni en ekki loft sem leitt hefur verið frá vélinni. Þar sem um kostnaðarsama aðgerð er að ræða og íþyngjandi er farið framá að fá undanþágu frá hreinsibúnaði á frálofti vélarinnar. Komi hinsvegar til kvartana frá nágrönnum verður ferlið endurskoðað og hreinsibúnaði komið fyrir á vélinni ef sýnt þykir að búnaðurinn leysi vandamálið.

3.2 Söfnunarstöð

Sá hluti söfnunarstöðvar þar sem spilliefnum er safnað og þau geymd skal lagður bundnu yfirborðslagi og fráveituvatn leitt í sandfang og olúskilju áður en það er leitt í jarðveg um grjótsvelg eða siturlögn. Fráveituvatn frá öðrum plönnum skal leitt í jarðveg um grjótsvelgi. Reynist fráveituvatnið ekki uppfylla skilyrði sem koma fram í gr. 5.3 skal hreinsa það frekar áður en það er leitt í jarðveg.

Ef óhapp verður og spilliefni fara í niðurföll skal samstundis loka fyrir frárennsli frá olúskilju.

Viðeigandi búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að fara niður, t.d. ídræg efni til hreinsunar á vökvum, skulu vera til reiðu í söfnunarstöð.

Spilliefni sem berast í stöðina eru sett í lekaheld fiskikör sem staðsett eru í spilliefnagámi á svæðinu. Spilliefnin verða flutt í körinum með reglulegu millibili til viðurkenndra förgunaraðila. Þá eru körin tekin í sendibíl og flutt óflokkuð. Ekki er því um neina umstöflun eða flokkun spilliefna að ræða. Hætta á mengun af völdum spilliefnanna er hverfandi þar sem efnin sem á svæðið berast eru í umbúðum og fara í þeim umbúðum í körin í spilliefnagámnum. Mengunaróhöpp sem mengað gætu jarðveg eru því aðeins möguleg þegar verið er að flytja spilliefnin frá farartæki sem kemur með þau á gámasvæðið og í körin í spilliefnagámnum. Verði óhapp á þeim stað er mjög einfalt að hreinsa upp jarðveginn á þeim stað og koma í veg fyrir að mengunin breiðist út.

Virðingarfyllst

Birgir Ásg. Kristjánsson
Framkvæmdastjóri umhverfissviðs